

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum

***Starfsleyfisskilyrði fyrir ofanjarðar gasolíusjálfsala á Norðurlandi vestra.***

**1 Fastur búnaður**

- 1.1. Halda skal lóð og mannvirkjum stöðvarinnar snyrtilegum. Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.
- 1.2. Viðhald og eftirlit með og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera fullnægjandi.
- 1.3. Allur búnaður skal uppfylla ákvæði reglugerðar um bensínstöðvar, nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 1.4. Ofanjarðareldsneytisgeymir án ytra byrðis skal ekki innihalda meira magn en 10 m<sup>3</sup> af gasolíu. Fullnægjandi árekstrarvörn skal vera í kringum tank.
- 1.5. Ganga skal frá merkingu brunna á þann hátt, að hægt sé að ganga að þeim þrátt fyrir snjóalög.
- 1.6. Óheimilt er að fara í veigamiklar breytingar á frágangi eða gerð búnaðar nema með samþykki heilbrigðisnefndar.
- 1.7. Afgreiðsluhlað skal vera úr vökvaheldu efni sem þolir olíur og afrennsli skal leitt í olúgildru.
- 1.8. Samskeyti áfyllingaröngu olíuflutningsbifreiðar og áfyllingarstúts skulu vera þétt. Olíubílstjóri er ábyrgur fyrir því að rétt sé staðið að áfyllingu tanka og skal ávallt vera viðstaddur á meðan áfylling fer fram. Bílstjóri skal ávallt mæla birgðastöðu í tanki fyrir áfyllingu.
- 1.9. Eldsneytisgeymir skal vera merktur sbr. 12. gr. reglugerðar 35/1994. Geymir og áfyllingslokar skulu vera læstir.
- 1.10. Við þrif á afgreiðsludælum og plönnum skal eingöngu nota olíuhreinsiefni sem eru viðurkennd fyrir olúgildru. Vatnsnotkun við þrif skal taka mið af stærð olúgildru.
- 1.11. Hæð útloftunnarrörs skal vera fullnægjandi og brunavarnarnet á enda. Það skal staðsett fjarri loftinntaki og gluggum húsa.
- 1.12. Á áberandi stað á afgreiðsluplani skal vera merking sem tilgreinir nöfn og símanúmer aðila sem annast stöðina eða tryggja á annan hátt að unnt sé að nálgast þá aðila. Á áberandi stað koma skal fyrir leiðbeiningum til viðskiptamanna varðandi notkun búnaðar auk skilta sem kveða á um að stöðva vél og reykingabann

**2. Kröfur til fyrirtækisins vegna umhverfis og nágretta**

- 2.1. Hjá umsjónarmanni sjálfsala eða þjónustuaðila skal vera tiltæk viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa sbr. gr. 77 í reglugerð nr. 35/1994.
  - a) Köllunarskrá vegna óhappa og slysa.
  - b) Fyrstu aðgerðir og tiltækur búnaður til að hefta útbreiðslu mengunar.
  - c) Áætlun um framhaldsaðgerðir og hreinsun.
  - d) Ákvæði um mat á viðbrögðum og endurskoðun viðbragðsáætlunar og/eða búnaðar.
- 2.2. Verði nálæg starfsemi eða íbúar í nágrenninu að mati Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir óþægindum, svo sem vegna loftmengunar, ber að gera viðhlítandi ráðstafanir til úrbóta.
- 2.3. Umsjónarmaður stöðvar skal halda rekstarkýrslu, þar sem vinna við: viðviðhald, athuganir, atvik eða óhöpp sem koma upp, skuli haldið til haga. Skal hún tiltæk eftirlitinu ef kallað er eftir henni.
- 2.4. Hafa skal reglulegt eftirlit, með olúskiljubúnaði og hann tæmdur eftir þörfum.

- 2.5. Þess skal gætt að allt viðhald fari fram með þeim hætti að ekki hljóttist mengun af. Olíumengaðan jarðveg ber að farga á þann hátt sem heilbrigðiseftirlitið mælir fyrir um.

### 3. Starfsemi hætt:

- 3.1. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra ef sjálfsali er lagður niður eða ef eigendaskipti verða.
- 3.2. Verði starfsemi stöðvarinnar hætt ber að tæma alla birgðatanka, fjarlægja mannvirki og jarðveg sem kann að vera mengaður.

### 4. Ábyrgð og gíldistími

- 4.1. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að stöðin starfi í samræmi við skilyrði þessi.
- 4.2. Starfsleyfishafi ber ábyrgð og hafi váttrygginu í samræmi við 16. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- 4.2. Starfsleyfið er gefið út til 12 ára.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 og ákvæði um reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994.